

## Námsefni í íslensku á yngsta stigi – lesskilningur

### Litla-Lesrún, Lesrún og Lesrún 2

Námsefni ætlað fyrir nemendur í 2., 3. og 4. bekk. Áhersla er á lestur og lesskilning, að nemendur átti sig á mismunandi textategundum og æfist í að nota aðferðir sem auðvelda úrvinnslu, bæði munnlega og skriflega. Í bókunum eru fróðleikstextar, leiðbeiningar, sögur, ljóð, fréttir og gátur. Unnið er með orðaforða og nemendur þjálfast í að átta sig á merkingu orða út frá samhengi, að finna aðalatriði í texta með því að nota hugarkort, svara spurningum og búa til spurningar út frá texta. Verkefnagerðir eru endurteknar og stígandi er í þyngd. Áhersla er lögð á umræður um viðfangsefnið áður en nemendur kljást við textann, bakgrunnsþekking virkjuð og/eða forspá.

Ítarlegar kennsluleiðbeiningar með Litlu-Lesrúnu og Lesrúnu komu út á þessu ári en klb. með Lesrúnu 2 munu koma út vorið 2020. Kennurum er bent á leiðir til að vinna með orðaforða áður en nemendur lesa textann í bókinni. Orðin sem vakin er athygli á eru flest af þrepi 2, þ.e. orð sem sjást oft í bókum en heyrast sjaldnar í tali. Lagt er til að nemendur fái „orðaforðabækur“ sem þeir geti skrifað orðin í eða bekkurinn safnað orðunum saman á sýnilegan stað í stofunni. Lögð áhersla á að orðin séu reglulega rifjuð upp og notuð/skoðuð í mismunandi samhengi. Í kennsluleiðbeiningum er einnig útvíkkun á þeim verkefnum sem eru í nemendabókinni, hugmyndir að ritunarverkefnum og bent á leiðir til að vinna með málfræði út frá textunum.

### Sestu og lestu – lestrarbókaflokkur (3.-4. bekkur)

Komnar eru út átta lestrarbækur í þessum flokki ásamt lesskilningsverkefnum til útprentunar á vef. Bækurnar koma jafntframt út sem hljóðbækur og rafbækur. Markmiðið með bókaflokknum er að bjóða upp á stuttar sögur á léttu og ljósu máli handa nemendum sem hafa náð tókum á undirstöðuatriðum lestrar. Efninu er ætlað að vekja með börnunum lestrargleði og áhuga og kynna fyrir þeim mismunandi framsetningu texta; sögur, teiknimyndasögur og fræðitexta. Í lok bókar eru fróðleiksmolar í tengslum við efni sögunnar og allra aftast er úrvinnsla, þ.e. viðfangsefni sem snúa að söguþræði, orðskilningi, málnotkun og ritun. Á hverri opnu bókanna eru spurningar á spássíum um innihald textans, hugtök og orðatiltæki. Markmiðið með spurningunum er að nemendur staldri við og hugsu um það sem þeir voru að lesa, þjálfist í að lesa á milli lína og velti fyrir sér framgangi sögunnar.

Verkefnin á vef sem fylgja bókunum eru fyrst og fremst lesskilningsverkefni. Mikil áhersla er á orðaforða, hugtakanotkun og spurningar þar sem reynir á ályktunarhæfni og skilning en einnig munnlega tjáningu, ritun og málfræði. Bækurnar í þessum flokki geta nýst sem samlestrarbækur í bekk og verkefnin unnin undir stjórn kennara. Þá fara fram umræður um viðfangsefnið áður en nemendur vinna verkefnin sjálfstætt eða í samvinnu við aðra.

### Handbók kennara 1.-2. bekkur og Handbók kennara 3.-4. bekkur.

Í bókunum er fjallað um lestur og hlutverk kennara í lestrarkennslu, lestrarhvetjandi umhverfi og viðfangsefni. Umfjöllun um orðaforða og lesskilning og bent á leiðir sem þjálfu báða þættina eins og gagnvirkan lestur, notkun hugtaka- og sögukorta, kennsluáferðina

KVL (kann, vil vita, hef lært), endursögn og fróðleikshorn. Lagðar eru fram hugmyndir um hvernig vinna má með ljóð og orðtök í þeim tilgangi að auka orðaforða barnanna. Þessar handbækur eru komnar til ára sinna og þótt þær standist ágætlega tímans tönn stendur til að endurskoða efnið og uppfæra.

### **Milli himins og jarðar – Köngulær, Hvalir, Tunglið, Ánamaðkar, Hrafninn,**

#### **Refurinn** (bækur um flugvélar og hunangsflugur eru í vinnslu)

Fróðleikstextar þar sem reynt er að höfða til áhugamála og hugðarefna nemenda á yngsta stigi. Umfjöllunarefni bókanna voru ákveðin eftir könnun meðal nemenda í 3. bekk, samtöl við bókasafnskennara og umsjónarkennara á yngsta stigi. Markmið bókanna er fyrst og fremst að vera áhugahvetjandi, að textinn vekji áhuga en skv. rannsóknum (t.d. Morgan og Fuchs) hefur lestrarfærni áhrif á lestraráhuga og öfugt. Í bókunum er orðaforði (af 2. og 3. þepi) endurtekinn og mikið lagt upp úr myndskreytingum sem styðja við textann. Spurningar eru á hverri blaðsíðu þar sem reynir á lesskilning – spurningar um staðreyndir úr textanum, orðaforða, spurningar þar sem reynir á ályktun og svo spurningar sem ýta undir það að nemendur myndi sér sína eigin skoðun eða afli sér frekari upplýsingar. Einnig er á hverri opnu spurning sem vekja á forvitni lesandans og leiða hann í gegnum bókina en til að finna svarið þarf að fletta á næstu opnu. Í verkefnum aftast í bókunum eru verkefni þar sem m.a. reynir á myndlæsi, lesa þarf í upplýsingar út frá súluriti, ritun með hjálp hugarkorts o.fl.

### **Smábækur – lestrarbókaflokkur**

Komin er út 41 léttlestrarbók í þessum flokki og með nokkrum þeirra eru verkefni á vef til útprentunar þar sem m.a. reynir á lesskilning. Þar þurfa nemendur m.a. að svara spurningum úr sögunni, raða málsgreinum í rétta röð svo þær myndi samhengi, tengja saman orðhluta, vinna með samsett orð, o.fl. Í vefefninu [Smábókaskápurinn](#) má velja á milli 10 smábóka og nemendur geta ýmist lesið textann beint eða hlustað áður en þeir lesa sjálfir. Markmiðið með vefnum er að þjálfra lestur, efla lesskilning og lestraráhuga. Á hverri síðu eru spurningar úr textanum og gagnvirk verkefni (t.d. að raða orðum svo þau myndi málsgrein).

### **Listin að lesa og skrifa – lestrarbókaflokkur**

Efni fyrir byrjendur í lestri, áhersla lögð á hæga stígandi, myndræna framsetningu og endurtekningu. 42 léttlestrarhefti og 14 örbækur. Í öllum bókunum eru spurningar á spássíum þar sem reynir á lesskilning.

Í svo til öllum léttlestrarbókum fyrir nemendur á yngsta stigi eru spurningar á hverri opnu þar sem reynir á lesskilning. Eins eru leiðbeiningar innan á kápu fyrir kennara/foreldra um notkun bókarinnar (Áður en barnið les textann – Á meðan lesið er – Eftir lestur textans).

## **Námsefni í íslensku fyrir mið- og unglíngastig með áherslu á lesskilning**

### **Miðstig**

[Fyrsti Smellur, Annar Smellur, Þriðji Smellur](#) – 3 bækur gerðar eingöngu með þjálfun á lesskilningi í huga. Í kaflanum [Til kennara](#) í leiðarvísi/kennsluleiðbeiningum stendur eftirfarandi:

*Meginmarkmið með þessu námsefni er að efla lesskilning nemenda með því að auka orðaforða þeirra, kenna nemendum að lesa á milli lína, kenna aðferðir við að finna út merkingu orða t.d. út frá samhengi texta, samræðum eða með notkun orðabóka og annarra hjálpargagna.*

[Orðspor 1, 2, 3](#) textabækur og vinnubækur, hér höfðu höfundar það að leiðarljósi að þjálfun lesskilnings þurfti að vera einn af meginþáttum bókanna. Því er erfitt að taka út ákveðinn kafla þar sem þessi þjálfunarþáttur er samtvinnaður öllu efni bókanna. En hægt að benda á að í öllum bókunum er farið í lestur og lestrartækni, forlestur, á meðan lesið er og eftirlestur.

[Flökkuskinna, Söguskinna og Töfraskinna](#) eru bækur með fjölbreyttum textum úr ýmsum áttum. Lesskilningur er þjálfaður með verkefnum úr textunum, nemendum er bent á ákveðna staði sem gott er að staldra við og leita aftur í texta að merkingu, vangaveltum um efni textans eða ef eitthvað liggur ekki í augum uppi, þeir þurfi kannski að lesa á milli lína. Samvinna og umræður um efni textanna og orðavinna er stór hluti verkefnavinnunnar sem lagt er upp með í bókunum.

### **Unglíngastig**

[Skilningsbókin](#) var gefin út 2011 sem rafræn bók-pdf. Verkefni voru gerð með PISA-könnunina í huga og höfundur samdi verkefni út frá eldri PISA-könnunum.

Skiptist í:

- [Lesskilning](#)
- [Stærðfræði](#)
- [Náttúrufræði](#)

Eitt af markmiðum bókanna [Kveikjur, Neistar og Logar](#) íslenskuefni fyrir unglíngastig er að efla lestur og læsi nemenda. Í bókunum er rauði þráðurinn að vinna með þessa þætti á einn eða annan hátt. Hægt er að benda sérstaklega á kafla þar sem einungis er verið að vinna með mismunandi lestur og læsi:

- [Kveikjur, 6. kafli: Fræðilegur lestur en ekki hræðilegur](#)
- [Neistar, 4. kafli: Þú ert græjan: Um lestur, læsi og úrvinnslu](#)
- [Logar, 1. kafli: Að lesa, skilja og skrifa](#)

*Verið er að vinna að bók fyrir unglíngastigið þar sem eingöngu er stutt við lesskilning og kemur hún út á vordögum 2020.*